

Nd.

171. Frumvarp til laga

[134. mál]

um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ráðherra þeim sem fer með siglingamál er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum um mengun frá skipum, sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Brot gegn reglum sem settar verða samkvæmt þessum lögum varða sektum. Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að Ísland geti gerst aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður var í London 2. nóvember 1973 og bókun 1978 við alþjóðasamning sem gerður var í London 17. febrúar 1978. Lagaheimild skortir til þess að geta sett reglur um alla þá þætti sem samningurinn og bókunin fjalla um.

Samþykkt hefur verið tillaga til þingsályktunar um staðfestingu framangreinds samnings og bókunar og visast í hana um efni þeirra.

Samningurinn um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókunin frá 1978 koma í stað alþjóðasamþykktar frá 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu ásamt síðari breytingum, sem Ísland er aðili að.

Í viðauka I við samninginn eru ítarlegar reglur um varnir gegn mengun frá skipum. Flestar þeirra snerta ekki íslenskan skipaflota nema að mjög litlu leyti. Ákvæðið hefur verið að fara þá leið hér á landi að setja reglur um þau atriði sem geta varðað íslensk skip sérstaklega og til þess að geta framfylgt ákvæðum samningsins og bókunarinnar gagnvart erlendum skipum í íslenskri lögsögu. Getu má í þessu sambandi laga nr. 41 1. júní 1979, þar sem fram kemur að innan efnahagslögsögunnar hafi Ísland lögsögu að því er varðar verndun hafsins.

Ákvæði 2. gr. laganna eru sett með tilliti til 4. gr. samningsins þar sem segir m. a. að setja skuli viðurlög við brotum á ákvæðum hans.

Sam fyrr segir eru þessi lög fyrst um sinn hugsuð sem heimild til þess að unnt sé að framfylgja samningum um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978. Einnig er þó ætlunin að þau geri kleift að staðfesta breytingar á þeim samningi svo og aðra samninga um sama efni, sem kunna að vera gerðir.

Um frekari forsendur og rökstuðning fyrir frumvarpi þessu vísast til athugasemda við fyrrnefnda þingsályktunartillögu um staðfestingu á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978.